

# Sameiginleg uppeldisstefna leik- og grunnskóla Fjarðabyggðar

Lokaskýrsla til sprotasjóðs vegna styrkveitingar No. 90. 2010-2011



Grunnskóli Eskifjarðar

Júní 2012

**Nafn skóla :** Grunnskóli Eskifjarðar Fjarðabyggð

**Nafn verkefnis:** Sameiginleg uppeldisstefna leik- og grunnskólum Fjarðabyggðar

**Nafn verkefnastjóra:** Sigríður Herdís Pálsdóttir

### **Markmið verkefnis samkvæmt umsókn**

Unnið er að því innleiða sameiginlega uppeldisstefnu í leik og grunnskólum Fjarðabyggðar. Haft er að leiðarljósi að samræma vinnubrögð starfsmanna í leik og grunnskólum. Með það að markmiði að bæta náms- kennslu- og starfsumhverfi nemenda og starfsmanna skólanna í Fjarðabyggð. Einnig er það tilgangur verkefnisins að tryggja samhent vinnubrögð, samfellu milli skólastiga og samstarf milli skólanna.

### **Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði**

Í skólum í Fjarðabyggð er unnið að innleiðingu á sameiginlegri uppeldisstefnu. Eru það fimm grunnskólar og fimm leikskólar. Verkefnastjóri hjá fræðslusviði var ráðinn í 20% starf til að fylgja innleiðingunni eftir.

Uppeldisstefnan er ein af aðgerðunum í fræðslu og frístundastefnu sveitarfélagsins Fjarðabyggðar, sem samþykkt var 5. júní 2009, en skólarnir voru virkir þátttakendur í þeirri stefnumótun á báðum skólastigum. Ákveðið var að starfsfólk skólanna tileinkaði sér *Uppeldi til ábyrgðar og hluti kennara ART*. Báðar þessar uppeldisstefnur miða að því að ýta undir ábyrðarkennd og sjálfstjórn barna og unglinga og þjálfa þau í að ræða um tilfinningar sínar og átta sig á þörfum sínum. Vinnuaðferðunum er einnig ætlað að styðja starfsmenn skólans við að móta skýra stefnu varðandi samskipti og agamál. Öðru fremur er um að ræða aðferðir við að kenna sjálfstjórn og sjálfsaga og styrkja einstaklinga í því að læra af mistökum sínum. Hugmyndafræðin hefur áhrif á kennsluhætti, stjórnunarhætti, áherslur í lífsleiknikennslu og ekki síst á meðferð agamála. Hugmyndafræðin byggist á því að einstaklingurinn geti tekið sjálfstæðar, siðferðilegar ákvarðanir varðandi eigin hegðun.

Að innleiða nýja hugmyndafræði í skólum gerist ekki á einum degi. Á síðustu tveimur árum hefur verið unnið markvisst með starfsfólki og nemendum við að innleiða hugmyndafræðina í starfið og áfram er unnið að innleiðingunni.

### **Innleiðing**

Í upphafi verkefnisins var gerð fræðsluáætlun fyrir starfsfólk skólanna í Uppeldi til ábyrgðar og ART.

Keypt var ART-þjálfaranámskeið frá ART-teyminu á Suðurlandi og nú eru komnir 50 ART-þjálfarar í fimm grunnskólum og þremur leikskólum Fjarðabyggðar. Einnig eru komnir þrjár ART þjálfarar með réttindi til að vera með fjölskyldu-ART.

Í skólunum er nú unnið með bekkjar-ART og einnig er unnið með nemendur í smærri hópum. Á vegum Fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar er unnið með fjölskyldu-ART.

Í Uppeldi til ábyrgðar var gengið út frá því að allir starfsmenn leik- og grunnskóla færu í gegnum námskeiðið Uppbyggingu 1. Námskeiðið var haldið fyrir grunnskólana í ágúst 2010 og í október fyrir starfsmenn leikskólanna. Seinni hluti námskeiðsins var haldinn í apríl 2011 fyrir starfsmenn grunnskóla og í október 2011 fyrir starfsmenn leikskóla.

Námskeið fyrir stýrihópa var haldið 8. ágúst 2011 og einnig fyrir leiðbeinendur til að halda námskeið fyrir foreldra.

Í ágúst 2012 kemur kennari frá Kanada með námskeiðið Uppbyggingu II fyrir starfsmenn leik- og grunnskóla.

## **Sáttamáli**

Starfsmenn Grunnskólanna í Fjarðabyggð gerðu með sér eftirfarandi sáttmála:

### Jákvæðni – virðing - heiðarleiki

Við starfsmenn grunnskólanna í Fjarðabyggð staðfestum með undirskrift okkar eftirfarandi sáttmála um lífsgildi og samskipti í skólastarfinu

1. Við viljum hafa jákvæðni að leiðarljósi í hverju því sem við tökum okkur fyrir hendur
2. Við viljum bera virðingu fyrir sjálfum okkur, öðrum og umhverfinu
3. Við viljum sýna heiðarleika í samskiptum

Hver leikskóli gerði sáttmála fyrir sig.

## **Stýrihópar**

Starfandi eru stýrihópar í hverjum grunnskóla og hverjum leikskóla og þeir eru í sambandi við verkefnastjóra. Stýrihópar fylgja verkefninu eftir innan skólanna, stjórna starfi á verkefnafundum og starfsmannafundum og annast kynningar fyrir nemendur og foreldra.

Sérstök framkvæmdaráætlun var gerð fyrir grunnskólana og höfðu þeir hana til hliðsjónar, sjá fylgiskjal 1. Hver skóli vann út frá sínum forsendum og skólarnir miðluðu fróðleik sín á milli. Í leikskólum var farið hægar í sakirnar, enda minni sameiginlegur tími hjá starfsmönnum. Megináherslan í leikskólum var lögð á vinnubrögð starfsmanna.

Allir skólarnir eru með plaköt til að gera stefnuna sýnilega og einnig voru útbúin spjöld fyrir starfsmenn með helstu áherslum í uppeldi til ábyrgðar.



Sýnishorn af vinnu með þarfirnar

### Frávik miðað við áætlun verkefnis

Vinna að stefnunni hefur gengið samkvæmt áætlun að mestu leyti. Í upphafi var gert ráð fyrir að innleiðing færi hægar af stað í leikskólunum en þó eru sumir komnir langt í vinnunni. Í framkvæmdaráætlun grunnskólanna var ráðgert að vinna í apríl 2011 námsfni fyrir foreldra og kynningarit. Ákveðið var að bíða með námskeið fyrir foreldra en þess í stað ákveðið að bæta við námskeiði fyrir stýrihópa og leiðbeinendur á foreldrahæfni. Námskeið var haldið í ágúst 2011. Skólarnir unnu kynningarit fyrir foreldra og voru með styttri kynningar en almenn námskeið verða haldin haustið 2012. Eitt námskeið var haldið fyrir foreldra haustið 2011. Ástæða fyrir því var að kennara vildu tileinka sér stefnuna betur áður en þeir færu af stað með námskeið til foreldra.

### Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Innleiðingin hefur gengið vel í grunnskólunum. Það sem hindrar helst í leikskólunum er lítil tími starfsmanna til undirbúnings en þó hafa þeir nýtt þann tíma vel. Annað sem hindrar er starfsmannavelta í leikskólum.

### **Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfarið eða samhliða verkefnisvinnu**

Helsti ávinningurinn er samræmd vinnubrögð starfsmanna og öryggistilfinning hjá foreldrum að vita af faglegum samræmdum vinnubrögðum skólanna. Skólarnir hafa yfirfarið stefnur sínar og gert bekkjarsáttmála og sáttmála meðal starfsmanna. Skýr mörk hafa verið sett gagnvart æskilegri og óæskilegri hegðun. Nemendur og starfsmenn eru mun fróðari um grunnþarfir einstaklingsins og hvernig best er að koma til móts við þær. Þegar starfsmenn hittast búa þeir að því að hafa sama grunn og samstarf hefur aukist mikið og miðlun upplýsinga um leiðir.

Í þeim tilfellum þegar unnið er með einstaklinga með miklar sérþarfir hefur ARTið hjálpað nemendum, starfsmönnum og foreldrum að samræma aðgerðir, m.a. bein þjálfun einstaklinga og leiðbeiningar til foreldra um uppeldi.

Verkefnið hefur haft víðtæk áhrif út í aðrar stofnanir sveitarfélagsins s.s. Íþróttastofnanir, vinnuskóla, félagsmiðstöðvar og Verkmenntaskóla Austurlands. Fjölmarginir starfsmenn þessara stofnana hafa setið námskeið með kennurum eða fengið styttri kynningar frá verkefnastjóra og stýrihópum

### **Mat á verkefninu samkvæmt umsókn**

Lagðar voru spurningar fyrir starfsmenn leik- og grunnskólanna

Meginniðurstaðan er sú að starfsfólk er jákvætt fyrir stefnunni. Starfsfólk vinnur markvisst að innleiðingunni og telur að starfið feli í sér umbætur fyrir skólastarfið. Vinna við uppeldisstefnuna hefur styrkt þá í starfi. Góð kynning hefur verið í skólunum og sjá starfsmenn mun á nemendum skólanna. Starfsmenn eru þó ekki vissir um hvort að foreldrar séu jákvæðir fyrir stefnunni og má það rekja til þess að ekki hefur verið almenn námskeið fyrir foreldra og eins ekki verið gerð könnun hjá þeim

Niðurstöður sjá fylgiskjal 2.

Síðan má geta þess að hver skóli metur starfið hjá sér og setur það inn í sjálfsmatskýrslur skólanna en við birtum ekki það mat hér.

Ekki var lagt fyrir mat á viðhorf foreldra til stefnunnar en það mun verða gert síðar.

### **Niðurstöður verkefnisins**

Vel hefur tekist til við innleiðingu á sameiginlegri uppeldisstefnu í leik og grunnskólum Fjarðabyggðar. Starfsmenn hafa fengið mikla fræðslu sem skilar sér í markvissari og skilvissari vinnubrögðum. Starfsmenn hafa fengið fleiri verkfæri í verkfærakistuna og hópurinn gengur nú betur í takt og samskipti öll auðveldari. Sáttmálar, sameiginleg sýn, er í öllum skólum og verkfæri til að takast á við margvísleg verkefni, s.s. draga úr óæskilegri

hegðun, auka félagsfærni og skilning á þörfum. Nemendur eru orðnir meðvitaðri um sína ábyrgð á skólagöngunni. Innleiðingunni er samt ekki lokið enda er miðað við lágmark fimm ár í hana. Þegar eru komnar áætlanir í alla skólana um hvernig unnið verður að innleiðingunni næsta vetur.

### **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

Skrifuð var grein í blað sem félagið Uppbygging sjálfsaga gefur út fyrir leik- og grunnskóla. Þar var kynnt að skólarnir í Fjarðabyggð væru að vinna að sameiginlegri uppeldisstefnu. Samskonar frétt var birt í Austurglugganum, héraðsfréttablaði á Austurlandi.

Stýrihópar hafa haldið stuttar kynningar fyrir foreldra og næsta vetur verður boðið upp á námskeið í foreldrafærni í uppeldi til ábyrgðar. Fjölskyldu- ART fyrir fjölskyldur í Fjarðabyggð er í gangi og þar er góð kynning fyrir þá sem taka þátt í því. Lokaskýrslan verður kynnt fyrir fræðslu- og frístundanefnd og bæjarstjórn Fjarðabyggðar haustið 2012.

Greinar í Austurgluggann héraðsfréttablað á Austurlandi

Leikskólakennari í M.Ed. námi í Uppeldis- og menntunarfræði, með áherslu á stjórnun menntastofnana, byggði ritgerð sína á vinnu við uppeldisstefnuna og hefur kynnt þá ritgerð fyrir leikskólakennurum og leikskólastjórnendum á Austurlandi. Í Þekkingarneti Austurlands þar sem háskólanemum var boðið á kynningu og á Menntavísindasviði HÍ.

### **Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn sprotasjóðs um**

Í áfangaskýrslunni 2011 var getið um launakostnað starfsmanna í leik- og grunnskólum vegna námskeiðahalds. Tekin var sú ákvörðun að setja hann ekki inn í rekstrarreikninginn í lokaskýrslunni, þetta var kostnaður sem skólarnir tóku á sig.

### **Lokaorð**

Við þökkum kærlega fyrir veittan þróunarstyrk úr Sprotasjóði. Styrkurinn veitti okkur tækifæri og hvatningu við vinnu að sameiginlegri uppeldisstefnu í leik- og grunnskólum Fjarðabyggðar. Skólarnir eru allir komnir vel af stað í þeirri vinnu og sú vinna heldur áfram næstu árin.

Virðingarfyllst

Fjarðabyggð 3.07 2012.

---

Sigríður Herdís Pálsdóttir

Verkefnastjóri

---

Hilmar Sigurjónsson

Skólastjóri Grunnskóla Eskifjarðar

Fylgiskjal 1.

**Verk og tímaáætlun**

Í júní 2009 var skipaður undirbúningshópur sem fékk það hlutverk að gera tillögu að uppeldisstefnu fyrir skólana. Hópurinn var skipaður einum kennara og einum skólastjóra úr bæði leik og grunnskóla og fræðslustjóra Fjarðabyggðar. Hópurinn kynnti sér mismunandi stefnur og fékk til sín fjölmarga sérfræðinga sem reynslu höfðu að vinnu með þær. Hópurinn skilaði skýrslu til fræðslunefndar í febrúarmánuði 2010 og lagði til eftirfarandi.

a) Tekin verið upp vinna í anda uppbyggingarstefnunnar Uppeldi til ábyrgðar og vinna með ART.

b) Allir skólarnir komi sér upp ART sérfræðingum, en ART er góð verkfærakista fyrir starfsfólk skólanna, sérstaklega þegar unnið er með nemendum sem þurfa mikla umhyggju. Lagt er til að leikskólarnir taki upp bekkjar ART og grunnskólar hópa og bekkjar ART.

c) Grunnskólarnir taki upp Uppeldi til ábyrgðar frá og með haustinu 2010 og þeir leikskólar sem telja tímabært að bytja. Þess ber að geta að bekkjar ART tekur á mörgu því sem Uppeldi til ábyrgðar gerir og því verður það að vera matsatriði hvers skóla hversu hratt er farið í innleiðingu.

Fræðslunefnd Fjarðabyggðar samþykkti tillögu starfshópsins á fundi sínu 24. febrúar 2010.

Skólastjórar létu vita af uppeldi til ábyrgðar á skólaslitum skólanna í júní 2010.

Ráðin var verkefnastjóri í 20 % hjá fræðslusviði 1. ágúst 2010 til að fylgja innleiðingunni eftir

Kennarar sem höfðu áhuga á því að gerast ART þjálfarar fóru á Art námskeiðið haust 2009 og aðrir voru í 2010. Haldið verður ART námskeið í september 2011

Bækur um Uppeldi til ábyrgðar kynntar fyrir starfsmönnum og allir settir í að lesa bækurnar Barnið mitt er gleðigjafi og Sterk saman eftir Diane Gossen í þýðingu og Magna Hjálmarssonar, Fanny Tryggvadóttur og Guðlaugs Valgarðssonar

## **Veturinn 2010 -2011**

Fyrri hluti námskeiðs í Uppbyggingu 1 upphaf innleiðslu á uppeldi til ábyrgðar var haldið fyrir grunnskólana í ágúst 2010 og í október fyrir starfsmenn leikskólana.

Framkvæmdaráætlun kynnt fyrir skólastjórum og þeir beðnir um að koma með ábendingar. Í grunnskólunum voru settir á laggirnar Stýrihópar haustið 2010 settur á laggirnar í hverjum skóla

## **September**

Hver skóli setji upplýsingar á heimasíðu skólans um uppeldi til ábyrgðar. Verkefnastjóri getur aðstoðað við þá kynningu. Einnig sett frétt á heimasíðu Fjarðabyggðar.

Einnig þeir skólar sem eru með Art kynna það starf á heimasíðunni

Grein sem birtist í Netlu sent í gegnum Mentor/afhent foreldrum

Framkvæmdaráætlun kynnt fyrir fræðslu og frístundanefnd



Kynning á uppeldi til ábyrgðar á skólafærninámskeiði foreldra 1. Bekkjar

Stýrihópar funda reglulega og verða með framsögu á sameiginlegum fundum starfsmanna. Einnig aðstoða að stofna leshópa fyrir þá sem hafa áhuga

Artþjálfarar vinna með Art

### **Október -mars**

Stýrihópur mótar starfið í samráði við verkefnastjóra og m.a. við skýr mörk

### **Apríl**

Seinnihluti námskeið um uppbyggingu 1 um innleiðingu á uppeldi til ábyrgðar

Unnið er með starfsmönnum skólans þar sem sett eru skýr mörk skólans

Sáttmálavinna, þar sem farið er í gildin sem skapa okkar draumaveröld, hlutverkaskipting (mitt og þitt hlutverk) og fleira er þegar farið að sjást í skólanum. Starfsfólk og nemendur munu vinna að því að gera vinnuna sýnilegri

Námsefni fyrir kynningarkvöld með foreldrum útbúið og samhliða kynningarrit til foreldra

### **Mái**

Könnun um áhuga og árangur af verkefninu fyrir starfsmenn og kanna hvort að foreldrar sér farnir að skynja breytingar

### **Júní**

Áfangaskýrsla unnin af verkefnastjóra í samvinnu við stýrihópa

### **Haust 2011**

#### **Bekkjarsáttmálar - starfsmannasáttmáli**

Í upphafi skólaárs koma starfsfólk og nemendur sér saman um hvaða lífsgildi skipti mestu máli í daglegu lífi. Nemendur gera bekkjarsáttmála og starfsmenn starfsmannasáttmála.

Útbúin bekkjarsáttmáli með öllum bekkjum

ART þjálfarar vinna með ART

### **September**

Námskeið fyrir foreldra

Kynning á uppeldi til ábyrgðar á skólafærninámskeiði foreldra 1. Bekkjar

Stýrihópar vinni áfram og uppeldisstefnan rædd á fundum einu sinni í mánuði


### **Júní 2012**

Skýrsla unnin af verkefnastjóra í samvinnu við stýrihópa



Skólarnir eru allir komir með mismunandi áætlun um hvernig innleiðingastarfið heldur áfram. En samkvæmt öllu tekur innleiðingu að lágmarki fimm ár.

Fylgiskjal 2


## Ég er jákvæður/ur gagnvart innleiðingu á sameiginlegri uppeldistefnu í skólum Fjarðabyggðar




## ÉG hef unnið markvisst að innleiðingu stefnunnar




## Ég tel að þessi uppeldistefna feli í sér umbætur fyrir skólastarfið




## Ég trú á því uppeldisstefnan hafi styrkt mig í starfi



## Ég hef fengið góða kynningu á stefnunni



## Ég tel að stefnan virki vel á nemendum skólans



## Ég tel foreldra vera jákvæða fyrir stefnunni.

- Mjög sammála
- Sammála
- Hvorki né
- Ósammála
- Mjög ósammála
- Auðir eða athugasemdir

